

Þriðjudaginn 29. apríl 1986.

Nr. 205/1984. **Vararkollur hf.**

(Guðmundur Pétursson hrl.)

gegn

Jóhannesi Ragnarssyni

(Arnmundur Backman hrl.)

Vinnusamningur. Sjómannaölög. Sjóveð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 11. október 1984. Dómkröfur hans eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og honum tildæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að öðru leyti en því, að stefndi hefur fyrir Hæstarétti fallið frá þeirri dómkröfu, að vexti skuli leggja við höfuðstól árlega, í fyrsta sinn þann 15. ágúst 1984. Stefndi krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lagðar þrjár lögregluskýrslur, dags. 3., 5. og 11. nóvember 1985, skráðar af Guðlaugi Wíum varðstjóra, Ólafsvík. Skýrslur þessar hafa að geyma framburði stefnda og vitnanna Jóhanns Óskarssonar og Vagns Ingólfssonar varðandi nafnritanir í skipshafnarskrá m/s Gunnars Bjarnasonar, SH 25, árið 1983.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann þó með þeirri breytingu er stefndi hefur gert á vaxtakröfu sinni.

Eftir þessum málalokum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst 25.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Vararkollur hf., greiði stefnda, Jóhannesi Ragnarssyni, 48,588,00 krónur auk 42% ársvaxta frá 15. ágúst 1983 til 21. september s.á., en með 35% ársvöxtum frá þeim degi

til 20. október s.á., en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda 27.600,00 krónur í málskostnað í héraði og 25.000,00 krónur fyrir Hæstarétti.

Viðurkenndur er sjóveðréttur í m/s Gunnari Bjarnasyni, SH-25, fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum

Dómur bæjarþings Ólafsvíkur 6. september 1984.

Stefnandi er Jóhannes Ragnarsson sjómaður (5091-8580), Hábrekku 18, Ólafsvík.

Stefndi er Vararkollur hf., Ólafsvík.

Málið er nr. 17/1983.

Dómari er Jón S. Magnússon fulltrúi.

Málið er rekið og dæmt í bæjarþingi Ólafsvíkur. Stefna í málinu var birt hinn 20. október 1983 og það þingfest hinn 28. s.m. Í stefnu er Hraðfrystihúsi Ólafsvíkur hf., Ólafsvík, og Hauki Sigtryggssyni, Ennisbraut 8, Ólafsvík, stefnt, en við aðalflutning málsins lýstu lögmenn aðilja því yfir, að þeir væru sammála um breytta aðild í málinu þannig, að í stað stefndu Hraðfrystihúss Ólafsvíkur hf. og Hauks Sigtryggssonar kæmi Vararkollur hf., Ólafsvík, sem gerir út v/s Gunnar Bjarnason, SH-25, en eigendur þess eru Hraðfrystihús Ólafsvíkur hf. og Haukur Sigtryggsson. Málið var dómtekið hinn 17. ágúst 1984 að loknum aðalflutningi og dómur kveðinn upp í skrifstofu bæjarfógeta, Aðalgötu 9, Stykkishólmi, hinn 6. september 1984.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi, Vararkollur hf., verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 48.588 með 45% ársvöxtum frá 15.8.1983 til 21.9.1983, en með 37% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er þess krafist að í dómsorði verði kveðið svo á að vextir skuli leggjast við höfuðstól árlega, í fyrsta sinn þann 15.8.1984. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að fjárhæð kr. 27.605,73. Þess er og krafist að kveðið verði á um það í dómsorði, að málskostnaður skuli bera dráttarvexti frá dómsuppsögudegi.

Loks er þess krafist, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/b Gunnari Bjarnasyni SH-25 fyrir öllum tildæmdum fjárhæðum.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda, og að sér verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður að mati dómsins.

Málsástæður stefnanda eru þær, að hann hafi, í ágústmánuði árið 1982, verið ráðinn skipverji á v/s Gunnar Bjarnason SH-25, sem er 177 lesta skip gert út af stefnda, fyrst sem háseti, síðan landmaður en frá febrúar 1983 sem mátsveinn. Um mánaðamótin apríl/mái innti skipstjóri hann eftir því, hvort hann ætlaði ekki að vera á bátnum um sumarið. Stefnandi kvað svo vera, enda ráðning hans ótímabundin. Þegar vorvertið lauk þann 11. maí var óráðið, hvaða veiðar skyldu stundaðar um sumarið. Báturinn var síðan sendur suður til að yfirfara hluta vélarinnar. Af hálfu stefnda var sagt, að báturinn kæmi fljótlega, en það dróst til 18. júlí, og voru veiðar hafnar þann 2. ágúst 1983. Stefnanda var aldrei boðin vinna hjá stefnanda (sic) frá 12. maí til 2. ágúst. Honum var aldrei sagt upp störfum og hann aldrei afskráður, því að hann hafði ekki verið skráður. Stefnanda var sagt upp með bréfi, dags. 15. ágúst, en hafði þann dag hætt störfum, með samkomu- lagi við skipstjóra. Stefndi hefur synjað um greiðslu kauptryggingar tíma- bilið 12.5.-31.7.1983 og er málshöfðun því óhjákvæmileg.

Málsástæður stefnda eru þær, að stefnandi hafi verið lögskráður úr skip- rúmi í vertíðarlok, hinn 13. maí 1983, á sama hátt og aðrir vertíðarsjómenn, sem á bátnum voru. Stefnandi hafi verið endurráðinn á bátinn 2. ágúst 1983. Lokauppgjör á launum stefnanda hafi farið fram hinn 13. júní 1983 fyrir vetrarvertíðina, og engin andmæli hafi þá verið höfð uppi vegna upp- gjörsins. Þá sé það áralöng venja, að einungis sé ráðið á báta til einnar vertíðar í senn, nema um annað sé sérstaklega samið. Tilkynningar um skráningu og afskráningu hafi ávallt verið sendar lögskráningarstjóra.

Lagarök stefnanda:

Kröfur sínar um laun styður stefnandi við 1. gr. laga nr. 28/1930, 19. gr. laga nr. 67/1963 og 2. mgr. 18. gr. sömu laga sbr. lög nr. 49/1980 um breytingu á þeim lögum sbr. og g. lið 20. gr., 22. gr. 1. mgr. 23. gr. kjarasamnings L.Í.Ú. og Sjómannasambands Íslands. Krafan um orlof er studd við lög nr. 87/1971 með síðari breytingum sbr. einkum lög nr. 90/1982 og 31. gr. í ofangreindum kjarasamningi. Krafan um að vextir bætist við höfuðstól árlega styðst við 1. mgr. 1. gr. laga nr. 56/1979, enda er með þeim hætti einum hægt að tryggja markmið laganna um að haldið skuli verðgildi slíkra krafna. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 184. gr. sömu laga. Krafan um dráttarvexti á málskostnað styðst við 3. tl. 5. gr. gjaldskrár Lögmannafélags Íslands. Krafan um sjóveð styðst við 2. tl. 216. gr. laga nr. 66/1963.

Lagarök stefnda:

Stefndi vísar til laga nr. 44/1980 og 19. gr. laga nr. 63/1961.

Málsreifun og álit.

Lögskráning á v/s Gunnar Bjarnason SH-25 fyrir vetrarvertíð 1983 var með þeim hætti, að skipverjar, þar á meðal stefnandi, staðfestu skráningu

sína með nafnritun sinni í eintak skipstjóra af skipshafnarskrá, þar sem lögskráningardagur er greindur 2/1 1983, en formleg skráning hjá lögskráningarstjóra fór ekki fram. Skipstjórinn, Ríkharð Magnússon, kveðst hafa afskráð stefnanda ásamt fleiri skipverjum hinn 13. maí 1983 og tilkynnt það lögskráningarstjóra.

Er vetrarvertíð lauk hinn 13. maí 1983, var Gunnar Bjarnason SH-25 sendur til Hafnarfjarðar í vélarklössun og til breytinga fyrir togveiðar. Skipið kom úr viðgerð þessari hinn 18. júlí 1983 og hóf aftur veiðar 2. ágúst s.á.

Málið snýst um það, hvort stefnandi eigi rétt á kaupi (tryggingu) fyrir tímabilið frá vertíðarlokum og þar til skipið hóf veiðar að nýju hinn 2. ágúst, þ.e. þann tíma sem skipið var frá veiðum vegna vélarklössunar og breytinga, en stefnandi var lögskráður á skipið að nýju 2. ágúst 1983.

Stefnandi var ráðinn á skipið í ágústmánuði árið 1982, og gegndi hann ýmsum stöðum á skipinu, en frá febrúar 1983 gegndi hann stöðu matsveins. Stefnandi heldur því fram, að ráðningartíminn hafi verið óákveðinn, og að sér hafi ekki verið sagt upp og ráðningarsamningnum ekki slitið fyrr en í ágúst 1983. Þegar skipið fór í klössun, hafi verið sagt af hálfu útgerðarinnar, að það kæmi fljótlega aftur, og við fyrirspurnir stefnanda síðar hafi það verið ítrekað. Það hafi hinsvegar dregist, að skipið kæmi. Af hálfu útgerðarinnar er því haldið fram, að með afskráningu 13. maí og tilkynningu til skipverja um að skipið færi í vélarklössun og breytingar, hafi ráðningu stefnanda verið slitið.

Í 2. mgr. 18. gr. sjómannalaga nr. 67/1963, sbr. lög nr. 49/1980 segir: „Skipverji tekur kaup til þess dags og að honum meðtöldum er ráðningu hans lýkur samkvæmt ráðningar- eða kjarasamningi og skiptir þá ekki máli þótt hann hafi áður verið afskráður“, og í 22. gr. kjarasamnings Sjómanna-sambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna frá 25. febrúar 1981 segir m.a.: „Heimilt er að ráðningartími skipverja sé ákveðinn við ráðningu, enda sé það tekið fram við lögskráningu hverju sinni.“ Ekki hefur verið sýnt fram á, að ráðningartíma stefnanda hafi verið sett ákveðin tímamörk, og gegn mótmælum af hans hálfu verður ekki fallist á, að ráðningu hans hafi verið slitið við uppsögn fyrr en 15. ágúst 1983, og skiptir afskráning skipstjóra hinn 13. maí 1983 ekki máli í því sambandi. Þá er einnig ósannað í málinu, að stefnanda hafi verið tilkynnt um þá afskráningu.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, og með vísun til ívitnaðra laga og kjarasamnings verður niðurstaða dómsins sú, að stefnda beri að greiða stefnanda samningsbundna kauptryggingu frá 13. maí 1983 til 2. ágúst sama árs, sem samkvæmt þágildandi kaupskrá reiknast þannig:

maí 14.-31. kr. $15.841 \times 17/31$	kr. 8.687
júní og júlí kr. 17.708×2	— 35.416
orlof 10,17%	— 4.485

..... samtals kr. 48.588,

auk 42% ársvaxta frá 15. ágúst 1983 til 21. september s.á., en með 35% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, 20. október 1983, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og skulu vextir leggjast við höfuðstól árlega, í fyrsta skipti 15. ágúst 1984. Þá ber stefnda að greiða stefnanda kr. 27.600 í málskostnað, en dráttarvextir af málskostnaði verða ekki dæmdir.

Viðurkenndur er sjóveðréttur í v/s Gunnari Bjarnasyni SH-25 fyrir öllum tildæmdum fjárhæðum.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Vararkollur hf., greiði stefnanda, Jóhannesi Ragnarssyni, kr. 48.588 auk 42% ársvaxta frá 15. ágúst 1983 til 21. september s.á., en með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 20. október s.á., en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og skulu vextir leggjast við höfuðstól árlega, í fyrsta skipti 15. ágúst 1984.

Stefndi greiði stefnanda kr. 27.600 í málskostnað.

Viðurkenndur er sjóveðréttur í v/s Gunnari Bjarnasyni SH-25 fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.